

þróunarstofnunarsíða

En Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum. Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum. Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum.



En Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum. Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum.

Samningur um innheimtuþjónustu

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

En Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum. Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum. Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum. Þróunarstofnunarsíðan er ófyrirvaraður um ófyrirvaraðum.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Eg".

Samningur um innheimtuþjónustu

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, (hér eftir SK), annars végar og hins végar Motus ehf. kt. 701195-3109 og Lögheimtan ehf. kt. 710501-3430, (hér eftir MOTUS) gera með sér eftirsaranndi samning um innheimtu allra vanskilakrafna.

I. Almennt um þjónustuna

1. gr.

MOTUS tekur að sér innheimtu allra vanskilakrafna SK

2. gr.

Samningur þessi nær til fimm þjónustuþáttu. **Í fyrsta lagi** er um að ræða fruminnheimtu, sem felur í sér útsendingu innheimtuviðvunar í nafni SK. **Í öðru lagi** Milliinnheimtu, sem merkir innheimtur á fyrri stigum, áður en tilefni er til lögfræðilegra aðgerða. **Í þriðja lagi** nær samningurinn til Kröfuvaktar sem er þjónusta ætluð til innheimtu þeirra krafna sem ekki hefur tekist að fá greiddar þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir s.s. með beitingu á milliinnheimtuferlinu og/eða lögfræðiinnheimtu, lágar kröfur og kröfur þar sem ekki er líklegt að greiðsla náið í bráð. **Í fjórða lagi** er um að ræða lögfræðiinnheimtu sem felst í beitingu lögfræðilegra innheimtuúrræða. **Í fimmtra lagi** er um að ræða millilandainnheimtu sem felst í innheimtu krafna utan Íslands, með aðstoð samstarfsaðila MOTUS.

3. gr.

Hjá MOTUS starfar á 3ja tug lögmanni. PACTA er vörumerki lögmannsstofu Lögheimtunnar. Hjá PACTA starfa 20 reyndir lögmanni víða um land (sjá nánar á www.pacta.is). SK skal á hverjum tíma tryggður aðgangur að kröftum allra lögmannanna á bestu kjörum, til hvers konar lögmannsverka, komi fram ósk um slíkt frá SK, en í samningnum felst engin skylda SK til að beina lögmannsverkefnum til lögmanni PACTA fremur en annarra.

II. Verkferlið

4. gr.

Aðilar skulu koma sér saman um verkferla við innheimtu krafna og skulu þeir teljast hluti samnings, en MOTUS gerir tillögur að verkferlum í sérstakri Samstarfslysingu. Breytingar á verklagsferlum eru heimilar enda séu samningsaðilar sammála um þær og hafa slíkar breytingar engin áhrif á gildi/efni samnings þessa að öðru leyti.

5. gr.

MOTUS hefur milligöngu um að þær skuldir sem uppfylla skilyrði til skráningar á vanskilaskrár verði skráðar í vanskilaskrá LT eða hliðstæða skrá, nema í einstökum tilfellum, þegar ósk berst um annað frá SK.

6. gr.

Starfsfólk MOTUS er heimilt að veita greiðslufresti fyrir hönd SK, eftir því sem eðlilegt telst til innheimtu kröfunnar.

Í Kröfuvakt er starfsfólk MOTUS heimilt að semja um vaxtastig, fella niður vexti og hluta höfuðstóls kröfunnar og semja um greiðsludreifingu til lengri tíma, ef það samræmist hagsmunum SK, að mati MOTUS.

SK skal hafa aðgang að viðskiptavef MOTUS, þar sem hægt er að fá upplýsingar um stöðu einstakra krafna á hverjum tíma. MOTUS birtir daglega á viðskiptavefnum heildaryfirlit yfir stöðu allra innheimtumála, þar sem m.a. skulu koma fram upplýsingar um innheimtuárangur, greiðsluyfirlit, þ.e. innborganir, eftirstöðvar og kostnað og á hvaða stigi innheimtan er.

SK fær með samningi þessu aðgang að Greiðsluhraðayfirliti á viðskiptavef MOTUS Greiðsluhraðayfirlit byggir á gögnum sem sótt eru með B2B aðgangi í viðskiptabanka SK. Gögnin eru notuð til að búa til tölfraði um greiðsluhraða viðskiptakrafna. Skýrslurnar birtast á vefadgangi SK.

7. gr.

Eftir að krafa hefur verið skráð til innheimtu, veitir MOTUS greiðslu kröfunnar viðtöku, nema samið sé um „skiptar greiðslur“. Með skiptum greiðslum er átt við að á meðan kröfur eru virkar í kröfupotti viðskiptabanka SK berast greiðslur þaðan til hvors aðila. Verði vanskil á greiðslum kröfuhafa á reikningum MOTUS eða ekki staðið við greiðslusamkomulag á öðrum gjaldföllnum reikningum frá MOTUS, hefur MOTUS heimild til að breyta þessari ráðstöfun og skuldajafna kröfum sínum á móti innborgunum, en greiða mismuninn til kröfuhafa jafnóðum.

fj

Ef krafa er greidd beint til SK, eftir skráningu, ber SK að standa MOTUS skil á áfallinni þóknun, áföllnum innheimtukostnaði, skráningargjaldi og árangurstengdri þóknun til innheimtuaðila, eftir því sem við á.

8. gr.

Innheimtugjald lagt á greiðanda í Milliinnheimtu og Kröfuvakt er gjald á hverja aðgerð sem MOTUS grípur til við innheimtu kröfunnar. Gjaldið tekur mið af þeiri fjárhæð sem til innheimtu er og miðast við samþykkta gjaldskrá á milli aðila. Greiðandi kröfunnar greiðir innheimtugjaldið, nema um annað sé samið sérstaklega.

Í lögfræðiinnheimtu leggst innheimtugjald eða málkostnaður á kröfu, þóknun fyrir einstakar aðgerðir til innheimtu kröfunnar, hvers konar útagður kostnaður af innheimtunni, sem og vextir af þóknun og kostnaði. Greiðandi kröfunnar greiðir allan kostnað af innheimtunni, nema um annað sé samið sérstaklega. Þóknanir taka mið af gjaldskrá Lögheimtunnar á hverjum tíma.

9. gr.

Nauðasamningur skal ekki gerður við greiðanda, eða annars konar eftirgjöf kröfu veitt af MOTUS, án samþykkis SK, nema krafa sé komin í Kröfuvakt, samanber 2. mgr. 6. gr. samnings þessa.

10. gr.

MOTUS ber að hafa samráð við SK um boð í eignir á nauðungarsölu, sem leiða kunna til uppboðskaupa. Séu uppboðskaup gerð skal kostnaður MOTUS vegna innheimtunnar gerður upp þegar uppboðsafsal liggur fyrir. MOTUS aðstoðar við rýmingu húsnaðis, berist ósk um það frá SK.

11. gr.

Allar innborganir á kröfur skulu varðveittar á fjárvörslureikningi. MOTUS skal daglega millifæra innborganir á bankareikning SK, vegna Milliinnheimtu og Kröfuvaktar, en hálfsmánaðarlega vegna lögfræðiinnheimtu, nema um annað sé samið sérstaklega.

Innborganir á kröfur ganga fyrst til greiðslu á vöxtum af útlögðum kostnaði, þá til greiðslu á útlögðum kostnaði og svo til greiðslu á innheimtugjaldi og annarri þóknun. Þegar innheimtugjaldið og þóknun er greidd ganga innborganir fyrst upp í vexti og því næst höfuðstól kröfunnar. Þetta gildir þótt krafan greiðist ekki að fullu.

12. gr.

MOTUS skuldbindur sig til að sinna innheimtunum af kostgæfni, hraða og með fullri virðingu fyrir greiðanda, enda sé tekið tillit til sambands greiðanda og SK í hverju tilviki. Hið sama skal eiga við um verkefni sem kunna að vera falin lögmönnum þeim sem starfa hjá Lögheimtunni og PACTA, samanber 3. gr. samningsins.

13. gr.

Fyllsta trúnaðar er gætt um allar upplýsingar sem starfsfólk innheimtuaðila kemst yfir í þjónustu sinni fyrir SK. Trúnaðarskyldur lögmannna fara að lögum og siðareglum LMFÍ.

III. Kostnaður

14. gr.

SK fær 100% afslátt af áskriftargjaldi MOTUS, nú kr. 41.900 á ári. Innifalið í árgjaldi er:

- Heimild til þess að nota nafn Motus á innheimtiviðvörun (Motus stimpill)
- Aðgangur að viðskiptavef Motus og Lögheimtunnar
- Viðskiptastjóri sem ber ábyrgð á samskiptum við fyrirtæki.
- Aðgangur að Innheimtuskóla Motus (fyrstu tvö námskeiðin fyrir two að kostnaðarlausu)
- Fruminnheimta, útsendingu innheimtiviðvörunnar
- Milliinnheimta, innheimtu á innlendum vanskilakröfum.
- Faglegt mat og ráðgjöf um næstu skref beri fyrsta lögfræðibréf ekki árangur
- Lögfræðiinnheimta, innheimtuaðgerðir á lögfræðistigi (sjá nánar samningsskilmála)
- Kröfuvakt, innheimtu á afskrifuðum kröfum
- Millilandainnheimta, innheimta á erlendum vanskilakröfum

SK fær 100% afslátt af skráningargjöldum í milliinnheimtu, nú kr. 660 pr. innsenda kröfu

SK fær 100% afslátt af árangurstengdri þóknun í milliinnheimt, nú 5% af hverri innheimtri kröfu

SK fær 100% afslátt af gerð greiðsluhraðaskýrslu sem uppfærð er mánaðarlega. Hver skýrsla er kr. 12.000 á mánuði eða kr. 144.000 á ári.

Millilandainnheimta: Fyrir hverja kröfu sem er skráð skal SK greiða fast gjald samkvæmt gjaldskrá MOTUS, nú kr. 6.770. Reynist innheimtan árangurslaus er það eini kostnaður SK af millilandainnheimtilraunum

MOTUS. Greiðist krafan á þessu stigi greiðir SK árangurstengda þóknun, sem skal vera hlutfall **a**f innheimtu fé. Það hlutfall er mismunandi eftir löndum, fjárhæð og aldri kröfu (almennt 5-20%). Sérstaklega er samið um kostnað ef beita á lögfræðilegum innheimtuúrræðum.

MOTUS lýsir almennum kröfum sem eru með höfðustól yfir kr. 50.000 í þrotabú og greiðsluaðlöggun. Öllum lögveðskröfum er kröfulýst óháð upphæð höfuðstóls. Fyrir þá aðger greiðir SK gjald samkvæmt verðskrá MOTUS hverju sinni, nú kr. 8.600

15. gr.

SK ber engan kostnað af því að skrá kröfur sínar í Kröfuvakt, en MOTUS fær í sinn hlut hlutdeil af innheimtum höfuðstól og vöxtum, auk kostnaðar af innheimtunni. Hlutdeild Motus tekur mið af aldri kröfu **víð** greiðslu í Kröfuvakt, í samræmi við neðagreinda töflu.

Fjöldi mánaða frá gjalddaga	Hlutdeild Motus
0 – 6 mánuðir	30%
6 – 12 mánuðir	35%
12 – 18 mánuðir	40%
+ 18 mánuðir	50%

Taki innheimtumál til fleiri en eins reiknings, skal við útreikning ofangreindra fresta miða við elsta gjalddaga í hverju máli.

16. gr.

Reynast innheimtilraunir í lögfræðiinnheimtu árangurslausar greiðir SK útlagðan kostnað MOTUS.

MOTUS getur í sérstökum tilfellum áskilið sér greiðslu aukinnar þóknunar, hafi óvenjuleg eða sérstök vinna verið lögð í innheimtuaðgerðir, enda hafi verið haft samráð við SK um þær aðgerðir.

Véfengi greiðandi réttmæti kröfu SK, svo sem með því að halda uppi vörnum í dómsmáli sem MOTUS hefur höfðað fyrir SK, skal haldin skrá yfir unna tíma lögmans og SK gerður reikningur í samræmi við **hana**.

17. gr.

Sé verulega hægt á innheimtuaðgerðum að ósk SK, eða þær stöðvaðar, getur MOTUS krafist greiðslu útlagðs kostnaðar og þóknunar.

18. gr.

Samningur þessi gildir frá undirritun í þrjú ár og er óuppsegjanlegur af beggja hálfu nema komi **til** verulegra vanefnda sbr. 22. grein samnings þessa. Verði samningnum ekki sagt upp framlengist hann sjálfkrafa í eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur samningsins er sex mánuðir fyrir lok hvers samningstímabilis. Uppögn skal vera skrifleg. Skyldur aðila eru óbreyttar út uppsagnarfrest.

19. gr.

Sé samningi sagt upp hefur MOTUS rétt á að ljúka innheimtu á þeim málum sem skráð hafa verið í ferlið. Óski SK eftir afturköllun á kröfum sínum úr Kröfuvakt á MOTUS rétt á greiðslu 50% af höfuðstól krafannana.

20. gr.

MOTUS er heimilt að tilgreina SK opinberlega í kynningaraskyni sem einn af sínum viðskiptavinum, þ.m.t. senda út fréttatilkynningar, birta auðkenni (logo) o.s.frv.

Með sama hætti er SK heimilt að kynna samstarf sitt við MOTUS og það að verði vanskil á greiðslum verði innheimta skuldanna falin MOTUS til innheimtu. Í því skyni er SK m.a. heimilt að prenta eða stimpla upplýsingar þar að lútandi á reikninga sína, greiðsluseðla, reikningsyfirlit og innheimtuviðvörum.

21. gr.

Vanefni MOTUS eða SK samninginn verulega, enda sé ekki bætt úr vanefndinni að undangenginni áskorun þar um, getur sá sem vanefnd beinist að rift samningnum án frekari fyrirvara. Riftun getur beinst að einstökum þáttum samningsins, enda taki vanefndin aðeins til afmarkaðra hluta hans.

22. gr.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar kappkosta að leysa sérhvern ágreining með samkomulagi og beina ágreiningi til gerðarmeðferðar sé nokkur kostur samkomulags þar um. Þó skal hvorum aðila heimilt að vísa ágreiningi til almennra dómstóla og mál vegna hans má ávallt reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

V. Gildistaka

23. gr.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun.

VI. Ýmis ákvæði

24. gr.

Ákvæði samnings þessa og minnisblað, sem undirritað er samhliða, gildir einnig fyrir Hitaveitu Brautarholts kt. 531289-2509 og Fjarskiptafélag Skeiða og G. ehf kt. 450712-0510. Öðrum stofnunum, fyrirtækjum og samstarfsstofnunum SK, sem ekki eru tilgreind í samning þessum standa til boða sömu kjör og SK og skal þá gerður samhljóm samingur við þau félög.

25. gr.

Fjárhæðir í samningi þessum og minnisblaði skulu taka árlegum gjaldsskrárbreytingum sem taka mið af vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu janúar þess árs sem samningurinn er gerður. Allar fjárhæðir og þóknanir sem samningur þessi tekur til eru án virðisaukaskatts.

26. gr.

Ákvæði samnings þessa og minnisblaðs sem er meðfylgjandi samning þessum, sem lúta að sérkjörum SK, eru trúnaðarmál.

27. gr.

Við undirskrift samnings þessa falla fyrri samningar á milli aðila niður

28. gr.

Viðauki við samning þennan er minnisblað sem er undirritað samhliða.

Dagsetning / Staður

Gretar
Greði Í Fagbæson
f.h. Motus ehf. / Lögheimtunnar ehf.

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps